

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Læknagarður



|                            |                               |                         |                        |
|----------------------------|-------------------------------|-------------------------|------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 27.2.2015                     | <b>Fulltrúi UST</b>     | Gottskálf Friðgeirsson |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Háskóli Íslands               | <b>Fulltrúi UST</b>     |                        |
| <b>Heimili</b>             | Vatnsmýrarvegur 16            | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið            |
| <b>Kennitala</b>           | 600169-2039                   | <b>Flokkur</b>          | Erfðabreyttar lífverur |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Sigríður Rut Franzdóttir      | <b>ÍSAT nr.</b>         | 85.14.3                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Sigríður Klara og Pétur Henry | <b>Staðsetning</b>      |                        |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Umhverfisstofnun telur að afmörkuð starfsemi HÍ með erfðabreyttar ávaxtaflugur uppfylli leyfiskröfur. Engin frávik né athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Erfðabreyttar ávaxtaflugur eru ræktaðar í lokuðum tilraunaglösum og notaðar í rannsóknarskyni. Um er að ræða starfsemi með útgefnu leyfi frá 21. október 2010 til 21. október 2020.

Starfsemin er á 4. hæð, á Lífvísindasetri Læknagarðs við Vatnsmýrarveg. Inngangar að Lífvísindasetri eru ávallt læstir og aðgagni stýrt með rafrænu öryggiskerfi.

Aðstaða fyrir starfseminna er í vinnuherbergi inn af herbergi nr. 420 og er hurð inn í vinnuáðstöðuna merkt, þar sem farið er fram á að hurðin sé alltaf höfð lokuð og að unnið sé með erfðabreyttar lífverur. Fram kom í eftirliti að fyrirhugað er að færa starfseminna í gluggalaust herbergi sem áður var smásjárherbergi og fær líklega númerið 420B.

Flugnagildir eru uppsettar, sem laða eiga að og drepa flugur sem af slysi gætu hafa sloppið við starfseminna.

Í ræktun eru 22 erfðabreyttir stofnar.

Í eftirlitinu var sest niður og fundað í upphafi eftirlits. Auk mín og Sigríðar Rutar voru Pétur Henry Petersen og Sigríðu Klara Böðvardsdóttir á fundinum. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi HÍ fyrir erfðabreyttum ávaxtaflugum og kom fram að áhugi er á að auka leyfið og fá að nota erfðabreyttar ávaxtaflugur við kennslu í Öskju, kennsluhúsnæði N-190 og N-350 við Sturlugötu.

Farið var yfir gátlista og kom fram að engin bilanir hafa orðið í starfstöð, hvorki mengunaróhöpp né skemmdarverk hafa átt sér stað á leyfistíma. Fluguræktunum og úrgangi er fargað í samræmi við leyfisskilyrði. Haldnar eru vinnubækur um aðskilin efni, s.s. úrgang til förgunar, upplýsingar um stofna í ræktun, dagsetningar æxlana og hvaða erfðaeefni er notað, Einnig eftirlit utan ræktunarsvæðis, viðhald, eftirlit og bilanir í búnaði, breytirngar á tækjabúnaði og þjálfun starfsfólks.


Þrjár áætlanir liggja fyrir, áætlun um frágang vegna tímabundnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs, áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera, og viðbragðsáætlun sem skal grípa til ef bilanir verða í afmörkunarbúnaði, vegna bráðamengunar eða skemmdarverka sem verða í aðstöðunni.

Gengið var um aðstöðuna, myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent. Fram kom að öryggisnefnd er til staðar í húsinu.

## ANNAÐ

Samkvæmt afmörkunarflokki I sem tiltekinn er í starfsleyfi rekstraraðila, skal dauðhreinsa fráveitu frá starfseminni. Þetta atriði var rætt í eftirlitinu og var niðurstaða þess sú að starfsemin hefði og þyrfti ekki fráveitu og því er ekki gerð athugasemd við þetta atriði.

Reykjavík, 12.03.2015



Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.